

Reikningur

Prestaekknasjóðsins árið 1908.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1907:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	7740 00	
b. Í aðaldeild Söfnunarsjóðs	—	13350 00	
c. Á vöxtum í bönkunum	—	1008 40	
d. Í veðskuldabryfum	—	4188 00	
e. Í peningum	—	999 83	
		<hr/>	kr. 27286 23
2. Tillög og gjafir á árinu	—		191 64
3. Vextir tilfallnir á árinu:			
a. Af bankavaxtabryfum $\frac{1}{7}$ 08	kr.	174 15	
b. Af innstæðu í aðaldeild Söfnunarsjóðs (telst í reikningi 1909)	—	—	
c. Af innstæðu í bönkunum	—	50 85	
d. Af skuldabryfum einstakra manna $\frac{11}{8}$ 08.	—	167 52	
		<hr/>	392 52
	Samtals	kr.	27870 39

Gjöld:

1. Úthlutað á Synodus 1908	kr.	800 00	
2. Eftirstöðvar í árslok 1908:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	7740 00	
b. Í aðaldeild Söfnunarsjóðs	—	13350 00	
c. Á vöxtum í bönkunum	—	1262 50	
d. Í veðskuldabryfum	—	4188 00	
e. Í peningum	—	529 89	
		<hr/>	27070 39
	Samtals	kr.	27870 39

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 15. nóv. 1909.

Bórh. Bjarnarson.

Bráðabirgðaruppbót handa brauðum.

25. septbr. og 4. nóvbr. veitti stjórnarráðið af bráðabirgðaruppbót þeirri, sem veitt er með 14. gr. A. b. 2 fjárlaganna, eftirnefndum prestaköllum þessar upphæðir:

1. Hólmum í Reyðarfirði	kr.	450 00
2. Stafafelli í Lóni	—	350 00
3. Bjarnanesi	—	200 00
	<hr/>	flyt kr. 1000 00

	fluttar kr.	1000 00
4. Kálfafellsstað	—	400 00
5. Ólafsvöllum á Skeiðum	—	400 00
6. Torfastöðum í Biskupstungum	—	350 00
7. Stað í Grindavík	—	150 00
8. Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd	—	225 00
9. Mosfelli í Mosfellssveit	—	100 00
10. Hestþingum í Borgarfirði	—	175 00
11. Lundi í Lundareykjadal	—	250 00
12. Hvammi í Norðurárdal	—	200 00
13. Miklaholti í Miklaholtshrepp	—	150 00
14. Hjarðarholti í Laxárdal	—	200 00
15. Söndum í Dýrafirði	—	150 00
16. Dýrafjarðarþingum	—	150 00
17. Völlum í Svarfaðardal	—	200 00
18. Bægisá	—	250 00
19. Presthólum	—	250 00
20. Svalbarði í Þistilfirði	—	250 00
21. Suðurdalþingsprestakalli	—	150 00
		<hr/>
		kr. 5000 00

Embætti og sýslanir.

27. septbr. veitti ráðherrann öðrum prest í Reykjavíkurstakalli síra Haralds Nielsyni samkvæmt beiðni hans lausn frá embætti frá fardögum 1910 að telja, sökum heilsubrests, með eftirlaunum lögum samkvæmt.

S. d. skipaði ráðherrann cand. juris Jón Kristjánsson aukakennara við lagaskólann frá 1. októbermánaðar að telja.

1. október skipaði ráðherrann þá alþingismann og kaupmann Björn Kristjánsson og stórkaupmann Björn Sigurðsson bankastjóra við Landsbankann frá 1. janúar 1910 að telja.

22. október skipaði ráðherrann verslunarstjóra Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum um næstu 5 ár.

26. október var fulltrúi Indriði Einarsson allramildilegast skipaður skrifstofustjóri í stjórnarráðinu.

3. nóvember skipaði ráðherrann þessa póstafræðslumenn: Óla P. Blöndal í Reykjavík, Böðvar Þorláksson á Blönduósi, Einar Runólfsson á Vopnafirði, Ólaf J. A. Ólafsson í Keflavík.

22. nóvember vjek ráðherra Tryggva bankastjóra Gunnarssyni, komm. af Dbr. og Dbrm., frá framkvæmdarstjórn Landsbankans, og þeim Kristjáni háyfirdómara Jónssyni, r. af Dbr., og Eiríki dócent Briem, komm. af Dbr. og Dbrm., frá gæslustjórn bankans.

S. d. setti ráðherra Björn kaupmann Kristjánsson framkvæmdarstjóra Landsbankans og þá Karl sýslumann Einarsson og Magnús yfirjettarmálaflutningsmann Sigurðsson gæslustjóra bankans til bráðabirgða.

Heiðursmerki.

17. september var yfirkennari Carl Küchler í Varel a. d. Jade í Oldenburg allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

Konsúlar.

10. september var norskum konsúl fyrir Ísland Ólafi Á Ólafssyni veitt lausn í náð.

20. s. m. var herra Thjodolf Klingenberg viðurkendur norskur konsúll fyrir Ísland í Reykjavík frá 1. okt. þ. á. að telja.